

Nd.

481. Breytingartillögur

[204. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum og til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarhúskapnum og treysta undirstöðu atvinnu og lífskjara.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

Við IV. kafla.

1. Á undan 17. gr. bælast nýjar greinar, svo hljóðandi:

- a. (17. gr.) Frá 1. mars 1975 skal elli- og örorkulífeyrir einstaklinga hækka um 4900 kr. á mánuði samkvæmt sömu reglum og frá var gengið í samningum verkálýðsfélaga og atvinnurekenda 26. mars 1975. Aðrar bætur lífeyris-trygginga svo og sjúkradagpeningar hækka í sama hlutfalli. Fjárhæðir þær, sem tilgreindar eru í 19. gr. laga um almannatryggingar, skulu breytast í samræmi við vísitölu framfærslukostnaðar frá 1. okt. 1974.
- b. (18. gr.) 10. gr. laga um almannatryggingar orðist svo:

Lífeyristryggingar taka til ellilífeyris, örorkulífeyris, makabóta, barnalífeyris, mæðralauna, fæðingarstyrks, fæðingarorlofsfjár, ekkjubóta og ekkju-
lífeyris.
- c. (19. gr.) Við lög um almannatryggingar bætist ný grein, sem verði 17. gr., svo hljóðandi:

Fæðingarorlofsfé skal vera jafnhátt þriggja mánaða dagvinnulaunum
við almenna verkamannavinnu við hverja fæðingu til móður sem á lög-
heimili hér á landi og er íslenskur ríkisborgari. Greiðslur frá atvinnurek-
endum vegna fæðingarorlofs koma til frádráttar greiðslu samkvæmt þess-
ari grein.
- d. (20. gr.) a.- og b-liðir 20. gr. laga um almannatryggingar orðist svo:
 - a. Ríkissjóður 83.5%.
 - b. Atvinnurekendur 16.5%.

Við VIII. kafla.

2. Við 30. gr.

- a. Fyrir „3 000 millj. kr.“ komi: 4 000 millj. kr.
- b. Fyrir „1 800 millj. kr.“ komi: 2 800 millj. kr.

3. Við 31. gr.

- a. Fyrir „5 000 millj. kr.“ komi: 6 000 millj. kr.
- b. Fyrir „3 520 millj. kr.“ komi: 4 520 millj. kr.
- c. Við upptalningu undir orkumál bætist nýr stafliður:
 - f. Stofnlína milli Suðurlands og Norðurlands og undirbúningur að stofn-
linum frá því orkuveitusvæði til Vestfjarða og Austfjarða.